

Ár 1983, miðvikudaginn 2. mars, var í málinu nr. 14/1982 kveðinn upp af Yfirfasteignamatshæðing svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Tilfni máls þessa er ágreiningur um skyldu Skotfélags Reykjavíkur til að svara borgarsjóði Reykjavíkur fasteignaskatti af húseign félagsins að Dugguvogi 1a, en eign þessa keypti félagið á árinu 1979.

Af hálfu Skotfélags Reykjavíkur er tekið fram, að húsið hafi verið notað sem félagsheimili eingöngu, eftir að það komst í eigu félagsins. Félagið sé íþróttafélag innan vébanda Íþróttasambands Íslands og hafi verið viðurkennt sem íþróttafélag af Reykjavíkurborg. Telur félagið, að umrædd húseign sé undanþegin fasteignaskatti samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga.

Í greinargerð Reykjavíkurborgar segir meðal annars:

" Þau undanþáguákvæði 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 8/1972, sem til álita koma í þessu sambandi, eru "íþróttahús" og "félagsheimili".

Hugtakið "íþróttahús" hefur ekki verið skilgreint sérstaklega í sambandi við undanþáguákvæði. Ætla verður þó, að löggjafinn hafi fyrst og fremst haft í huga húsnæði, sem sérstaklega er byggt til almennrar íþróttastarfssemi, t.d. í tengslum við skóla, en einnig hús, sem byggð eru á vegum íþróttafélaga eða samtaka þeirra. Að því er varðar "félagsheimili" hefur undanþáguákvæðið hins vegar verið túlkað á þann veg, að eingöngu þær fasteignir, sem falla undir skilgreiningu 1. gr. laga um félagsheimili nr. 107/1970 verði taldar undanþægar fasteignasköttum og að þessi húsakynni verði að standa almenningi opin til þess að mega njóta undanþágu.

Ekki verður talið að húseign skotfélagsins falli undir hugtakið "félagsheimili" í undanþáguákvæðinu né heldur verður það talið falla undir hugtakið "íþróttahús", enda þótt það sé að nokkru leyti notað til "skotæfinga með loftbyssum".


Það er almenn afstaða borgaryfirvalda að túlka beri allar undanþágur frá skyldu til greiðslu fasteignaskatts þröngt og því beri að hafna framangreindri kæru Skotfélags Reykjavíkur."

Nánari greinargerð hefur ekki borist frá Skotfélagi Reykjavíkur, en til þess var mælt af hálfu nefndarinnar.


Af þeim gögnum, sem fyrir liggja, verður ekki ráðið, að umrædd fasteign skuli vera undanþegin fasteignaskatti.

Ú r s k u r ð a r o r ð :


Skylt er að svara fasteignaskatti af húseigninni nr. 1a við Dugguvog í Reykjavík.



Gaukur Jörundsson



Pétur Stefánsson



Guðmundur Magnússon